

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 2004

Nr. 578

1428

1. júlí 2004

AUGLÝSING

um að fella úr gildi auglýsingu nr. 469, dags. 8. júlí 1998.

Ríkisstjórnin hefur, í samræmi við ályktun öryggisráðsins nr. 1367(2001), ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 469, dags. 8. júlí 1998, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1160(1998) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 1. júlí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Nr. 579

1. júlí 2004

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483(2003) og nr. 1546(2004) um afnám viðskiptaþvingana gegn Írak o.fl.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að breyta ráðstöfunum sem ákveðnar voru í fyrirmælum, dags. 8. júlí 1998, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 470/1998, til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 706(1991), 712(1991), 986(1995), 1111(1997), 1129(1997), 1137(1997), 1143(1997), 1153(1998), 1158(1998) og 1175(1998), til samræmis við ályktanir öryggisráðsins nr. 1483(2003) frá 22. maí 2003 og nr. 1546(2004) frá 8. júní 2004 um afnám viðskiptaþvingana gegn Írak o.fl. og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Óheimilt er að veita þeim meðlimum fyrrum ríkisstjórnar Íraks hæli á Íslandi sem taldir eru bera ábyrgð á afbrotum og öðrum grimmдарverkum.
2. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að versla með eða flytja um íslenskt yfirráðasvæði þær menningarminjar sem fjarlægðar hafa verið eða grunur leikur á um